


Ársskýrsla 2022



Samkvæmt samþykktum félagsins eru tilgangur þess:

Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

Að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.

Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.

Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.

Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

Að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRNARFORMANNI.....	4
STARF FÉLAGSINS.....	6
ÁRSREIKNINGUR	10
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	11
REKSTRAREIKNINGUR	13
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	14
SJÓÐSSTREYMI	15
SKÝRINGAR.....	16
ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	19
REGNHLÍFASAMTÖK.....	20
SAMSTARFSLÖND	21
STJÓRN OG STARFSFÓLK 2022.....	22

Hugleiðingar formanns 2023

Í upphafi árs 2022 tók Elísabet Hrund Salvardsdóttir við stöðu framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar. Þá komu þrír nýir einstaklingar inn í stjórn, þau Svandís Sigurðardóttir, Gylfi Már Ágústsson og Örn Haraldsson. Fráfarandi stjórnarmenn voru þeir Dylan Herrera og Sigurður Halldór Jesson og þökkum við þeim fyrir þeirra störf í þágu félagsins.

Ýmsir viðburðir og fræðsla voru á vegum félagsins á árinu 2022. Í aprílmánuði var haldin fjölskyldustund í fimleikasal og fjölskyldugrill í september. Í október var haldið opið hús á skrifstofu félagsins og í desembermánuði var bæði spilakvöld fyrir eldri börnin og hið árlega jólaball ÍÆ haldið á hótél Natura. Það var vel mætt á jólaballið og dásamlegt að sjá foreldra og börn eiga góða stund saman. Þá þótti sérstaklega skemmtilegt að töluvert af uppkomnum ættleiddum mættu með maka og börn. Eru félagsmenn eindregið hvattir til að taka þátt í atburðum félagsins enda eru það þeir sem mynda þetta góða félag.

Starfsemi félagsins hélst að mestu óbreytt á árinu 2022. Starfsfólk skrifstofu hélt áfram með sín daglegu störf og voru þær duglegar við að vekja athygli á málaflöknum og starfsemi félagsins út á við. Lögð var áhersla á að sækja fræðslu og fyrirlestra sem varðar börn og hagsmuni þeirra. Nýr framkvæmdastjóri sat ekki auðum höndum og réðist í verkefni sem höfðu beðið í lengri tíma. Þá fékk hún fundi hjá fjölda ráðuneyta og sátum við Elísabet fundi með hinum ýmsu ráðherrum og aðstoðarmönnum þeirra, m.a. Katrínu Jakobsdóttur. Var okkur ávallt vel tekið og erindi okkar sýndur áhugi. Það er þó ljóst að þekking á málaflöknum og sérstöðu ættleiddra barna og einstaklinga er lítil. Oft var spurt í hverju þessi sérstaða væri fólgin en það verður að segjast að hálf tíma fundir var ekki nægur tími til að tæma það efni. Að sjálfsögðu eru ættleidd börn og einstaklingar bara hluti af samfélagi Íslendinga. Engu að síður er mikilvægt að viðurkennt sé að ættleiðing er áfall í lífi barns og að vegferð þeirra inn í lífið markar oft líf þeirra til frambúðar. Í því felst m.a. sérstaða ættleidds einstaklings. Það þarf að hverfa frá því viðhorfi að ættleiðing barns sé einangrað atvik í sögu viðkomandi og horfa til framtíðar með hverju barni fyrir sig. Nauðsynlegt er að sett sé á laggirnar heildstætt kerfi með sértækri þjónustu og fagaðilum sem hafa þekkingu og skilning á sérstöðu ættleiddra barna, auk þess sem auka þarf stuðning og ráðgjöf fyrir foreldra. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggja uppkomnum ættleiddum þjónustu og stuðning, t.a.m. þeim sem fara í þá vegferð að leita að uppruna sínum.

Á árinu voru miklar umræður um ólöglegar ættleiðingar frá Asíu á níunda áratugnum og ljóst að Ísland var ekki undanskilið í þeim efnum. Ómögulegt er að setja sig í spor þeirra sem sitja uppi með fölsuð ættleiðingarskjöl og þá staðreynd að ættleiðingin hafi farið fram á röngum og ólöglegum forsendum. Þeir einstaklingar sem eru í þessum aðstæðum hafa alla mína samúð. Það er erfitt en nauðsynlegt fyrir alla að horfa yfir farinn veg og læra af því sem miður fór. Þetta sannar og undirstrikar nauðsyn þess að lög og regluverk í kringum ættleiðingar séu skýr og að hvergi sé slegið af í framkvæmd og meðferð

ættleiðingarmála. Ávallt þarf að gæta þess að „good practises“ séu í hávegum höfð á hverjum tíma og að ættleiðing fari fram með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Undir lok árs 2022 var ljóst að töluverðar breytingar væru í farvatninu hjá félaginu, bæði hvað varðar verkefni og starfsemi félagsins. Í desembermánuði lá fyrir að fyrirhuguð væri endurskipulagning á málaflokknum hjá Dómsmálaráðuneytinu og að færa ætti ákveðin verkefni samkvæmt þjónustusamningi frá Íslenskri ættleiðingu. Ljóst er að slík yfirfærsla verkefna gæti ekki átt sér stað nema með verulegri aðkomu starfsfólks ÍÆ, enda um sérfræðinga á þessu sviði að ræða. Þar að auki þyrftu reglugerðabreytingar að eiga sér stað. Liggur nú fyrir að nýr þjónustusamningur muni taka við á haustmánuðum þess árs með nýjum skilgreindum verkefnum. Bæði starfsfólki og stjórn var brugðið við þessar fréttir þar sem þær báru bæði hratt og óvænt að. Félagið hafði itrekað óskað eftir heildarendurskoðun á málaflokknum en búist var við lengri aðdraganda að hverskyns breytingum. Það verður því að teljast aðdáunarvert hvað starfsfólkið okkar brást jákvætt og vel við. Hafa þær unnið hörðum höndum að því að kortleggja verkferla og veita upplýsingar í því skyni að yfirfærsla verkefna gangi sem best og farsælast fyrir sig og fá þær hrós fyrir. Bundnar eru vonir við að þessi breyting verði málaflokknum til góðs.

Önnur væntanleg breyting ár þessu ári felst í því að Rut félagsráðgjafi sagði upp starfi sínu í lok árs 2022 og mun ljúka störfum núna í mars eftir 5 ára starf hjá félaginu. Hún mun þó koma að fræðslu og stuðningi fyrir félagið sem verktaki. Verður daglegrar veru hennar saknað af starfsfólki skrifstofu, stjórn og félagsmönnum. Við þökkum Rut innilega fyrir samstarfið og vel unnin störf og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi.

Ég sjálf mun láta af störfum sem stjórnarmaður eftir sex ára stjórnarsetu. Hef ég bæði gengt stöðu varaformanns og stöðu formanns núna sl. ár. Þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegur tími og jafnframt krefjandi á köflum. Í stjórn félagsins hef ég verið svo heppin að kynnast frábærum stjórnarmönnum að ógleymdum þeim Elísabetu, Ragnheiði og Rut, sem öll eiga það sameiginlegt að hafa lagt hug sinn og hjarta í þennan málaflokk. Ég kveð full af þakklæti fyrir reynsluna og það traust sem mér hefur verið sýnt á undanförunum árum. Óska ég félaginu, starfsfólki skrifstofu og nýrri stjórn alls hins besta í þeim verkefnum sem framundan eru. Ég veit að félagið er í góðum höndum.

Ég vona að ættleiðingar eigi bjarta tíma framundan og haldi áfram um ókomna tíð. Þessi fallega leið til að stofna fjölskyldu er ástæðan fyrir því að ég og systkini mín erum hér og orð fá aldrei lýst hversu þakklát ég er.

Með kveðju,


Lísa Björg Lárusdóttir
Stjórnarformaður Íslenskrar ættleiðingar

STARF FÉLAGSINS

Breytingar urðu hjá Íslenskri ættleiðingu í upphafi ársins 2022 þegar fyrrum framkvæmdastjóri Kristinn Ingvarsson kvaddi félagið eftir 12 viðburðarrík ár og nýr framkvæmdastjóri, Elísabet Hrund Salvardsdóttir kom til starfa. Kristni er þakkað fyrir allt sem hann hefur gert fyrir og gefið félaginu á þessum tíma. Árið var að mestu leyti laust við áhrif eftir Covid-19 faraldurinn þó að áhrifa hafi gætt í upprunaríkjum sem félagið er í samstarfi við. Starf Íslenskrar ættleiðingar gat þó haldið með nokkuð eðlilegum hætti og má þakka það góðu samstarfi við upprunaríkin sem félagið starfar með, enda hefur verið lögð áhersla á að styrkja tengslin við þær stofnanir sem félagið er í mestu samstarfi við. Árið 2022 var þó sérstakt á þann hátt að engin fjölskyldusameining átti sér stað á árinu.

...til að barn nái fullum þroska sem heilsteyppt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning


Fyrstu viðtöl



Flestir sem nýta sér þjónustu félagsins hefja ferðalagið í svonefndu fyrsta viðtali. Hvert viðtal tekur um 90 mínútur þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. 21 fyrstu viðtöl voru bókuð hjá félaginu árið 2022.

Forsamþykki

Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um að senda umsóknir um forsamþykki til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en embættið er ábyrgt fyrir að kanna aðstæður umsækjenda og veita eða synja um forsamþykki. Sýslumannsembættið óskar eftir liðsinni barnaverndar við könnun á högum umsækjenda.



Sýslumannsembættið getur einnig leitað til Ættleiðingarnefndar til að fá umsögn ef þurfa þykir. Ættleiðingarnefnd er skipuð af dómsmálaráðherra. Árið 2022 voru 5 umsóknir um forsamþykki.

Sýslumannsembættið gaf út 3 forsamþykki á árinu, þá voru gefin út 3 ný forsamþykki, þ.e. endurnýjuð forsamþykki til þeirra sem eiga

umsókn í upprunalandi.

... að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brott nám barna, sölu þeirra og verslun með þau

Ættleiðingarnefnd

Sýslumannsembættið vísaði 1 umsókn um til Ættleiðingarnefndar, en það var 2 árinu áður. Ættleiðingarnefnd veitti hins vegar 2 sinnum umsögn sem er það sama og árið á undan.

Kætur

Sýslumannsembættið synjaði engri umsókn á árinu.

Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá væntanlegra kjörforeldra ef: ...miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram

Umsóknir í upprunalandi

Íslensk ættleiðing hafði milligöngu um að senda 6 umsóknir til upprunalands á árinu, ein til Tógó, fimm til Tékklands.

Börn

Upplýsingar um 0 börn voru skoðaðar af sérfræðingum félagsins á árinu. Árið 2022 var sérstakt á þann hátt að engin fjölskyldusameining átti sér stað á árinu.



Fræðsla

En þrátt fyrir að engin fjölskyldusameining hafi orðið á árinu 2022 var nóg að gera í tengslum við annað starf félagsins. Þar sem ennþá eru nýjir umsækjendur að koma þarf að tryggja að öll fræðsla sé til staðar og að staðið sé vel að henni.

Með því að færa fræðsluna frammar í ferlið eins gert var með breytingum í lok árs 2018 hefur þekking umsækjenda á ættleiðingarmálaflokknum komist betur til skila inn í umsögn barnaverndar. Þetta hefur stuðlað að því að fjölskyldur frá Íslandi skera sig út þegar kemur að þekkingu, þegar þær eru bornar saman við aðra umsækjendur í upprunalöndum barnanna sem félagið starfar með.

Fræðslan hefst í fyrsta viðtali þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Það ætti að leiða til námskeiðsins **Er ættleiðing fyrir mig?**, sem er 4 daga námskeið sem á að aðstoða þátttakendur í að taka ákvörðun um hvort ættleiðing sé kostur sem þeir ættu að skoða betur. Það náðist að halda eitt námskeið á árinu og voru 8 þátttakendur á því. Leiðbeinendur eru tveir, þær Rut Sigurðardóttir félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur hjá ÍÆ og Þórgunnur Vigfúsdóttir, skólastjóri. Einnig komu erindi frá kjörmóður, uppkominni ættleiddri konu og verkefnastjóra hjá ÍÆ.

Árið 2022 voru 17 fræðsluviðtöl til umsækjenda í forsamþykkisferli og 5 viðtöl við starfsfólk barnaverndar. Félagið veitir ráðgjöf og stuðning á biðtímanum og leggur áherslu á að umsækjendur séu virkir í biðinni, með því að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra barna. Á síðasta ári voru 12 viðtöl við umsækjendur sem eiga umsókn í upprunalandi og voru að uppfæra upplýsingar í umsókninni.

Samkvæmt fræðslu- og stuðningsáætlun hefur félagið frumkvæði að eftirfylgd eftir að fjölskyldur koma til Íslands eftir dvöl í upprunalandi barnsins. Árið 2022 voru 4 viðtöl til fjölskyldna sem voru komnar heim til Íslands. Þessi þjónusta er viðbót við gerð eftirfylgdarskýrslna sem eru gerðar að kröfu upprunaríkja barnanna. Óháðir félagsráðgjafar heimsækja fjölskyldurnar í samræmi við reglur upprunaríkjanna og safna upplýsingum og gefa álit á hvernig framvinda fjölskyldunnar hefur verið frá sameiningu. Þessar skýrslur eru þýddar og sendar til miðstjórnvalds upprunaríkisins.

Í lok mars var aftur var farið af stað með fræðslu fyrir félagsmenn, en boðið var uppá nokkrar fræðslur yfir árið og félagsstarf. Ný fésbókarsíða var stofnuð fyrir félagið og var einnig stofnuð síða á Instagram til að ná til fleiri, jafnt félagsmanna og annarra áhugasamra um ættleiðingar.

Þjónusta við börn sem eru að hefja skólagöngu hefur aukist mikið, enda ekki vanþörf á. Á síðastliðnu ári heimsótti félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur félagsins leikskóla 2 sinnum og grunnskóla 10 sinnum. Auk þess voru aðrar fræðslur til starfsfólks sem tengjast skólaumhverfinu. Heimsóknir í skóla eru margvíslegar, stundum er fundað með öllum starfsmönnum skólans, stundum bara með kennurum barnsins og stundum stuðningur inn á teymisfundi. Þá hafa mörg viðtöl verið til einstaklinga og fjölskyldna sem leitað eftir frekari þjónustu, eftir að þjónustuáætlun félagsins sleppir.

Meiri þjónusta hefur verið til uppkomina ættleiðra í tengslum við upprunaleit og meðferðarvinnu. Félagið hefur svo í gegnum tíðina boðið uppá fjölbreytta fræðslu sem er opin félagsmönnum og almenningi en vegna dræmrar þátttöku þarf að endurskoða útfærsluna á þeirri fræðslu.

Starfsfólk félagsins fór á fjölda ráðstefna og málþinga til að vekja athygli á málaflokknum, afla sér þekkingar og að tryggja að fjölskyldur og börn fái viðeigandi þjónustu svo þeim farnist vel eftir ættleiðingu.



ÁRSREIKNINGUR

Í lok árs 2022 voru 345 félagsmenn Íslenskrar ættleiðingar búnir að greiða félagsgjald fyrir það ár. Til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið. Þegar þjónustusamningurinn var fyrst gerður var hugsunin að grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og að rekstrargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag var nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og vakti athygli langt út fyrir landsteinana. Á síðustu árum hafa orðið breytingar á rekstrargrundvelli félagsins og því hefur þurft að ganga á sjóði félagsins til að tryggja starf þess.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur eru meginstoðir í ættleiðingarferlinu og var sú lágmarksþjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins. Þjónustusamningurinn tekur aðeins til þjónustu um milligöngu um ættleiðingu, en ekki þjónustu eftir ættleiðingu. Þjónusta eftir ættleiðingu er enn ófjármögnuð en megináhersla verður lögð á að auka skilning miðstjórnvaldsins á hlutverki sínu í þjónustu eftir ættleiðingu og að fá viðurkenningu á mikilvægi þjónustunnar til heilla ættleiddum börnum og fjölskyldum þeirra. Í lok árs 2022 barst félaginu nýr þjónustusamningur til fjögurra mánaða sem stjórn félagsins taldi sér ekki fært að skrifa undir, send var greinargerð með athugasendum til ráðuneytisins. Ekki var svo skrifað undir nýjan þjónustusamning fyrr en 23.janúar 2023 en sá samningur er til 30.september 2023. Fyrirhugað var að vinnu við endurskoðun á þjónustusamningi við félagið yrði lokið eigi síðar en 15.mars 2023, en þeirri vinnu er ekki lokið. Það má því telja líklegt að einhverjar breytingar verði á þjónustusamningi milli ríkisins og Íslenskrar ættleiðingar.

Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt. Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.

Tekjur Íslenskrar ættleiðingar á árinu 2022 voru tæpar 45.946.485 milljónir, en inni í því eru greiðslur úr sjóðum félagsins sem nota þurfti til að tryggja fjárstreymi fyrir rekstri félagsins á árin. Tekjur af félagsgjöldum hækka um kr. 350.00 frá fyrra ári. Að þessu sinni var hagnaður á rekstri félagsins kr. 427.428 en taka þarf tillit til þess að nýta þurfti fjármuni úr sjóðum félagsins til rekstrar. Handbært fé lækkar um 6.860.537 milljónir frá fyrra ári. Mestu breytingar á milli ára komu til vegna lækkunar á tekjum félagsins og að nýta þurfti fjármagn úr sjóðum í rekstur.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati árekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar. Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar

hvort verulegur vafi leiki árekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki árekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka áinnra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 28.mars 2023

Rýni endurskoðun ehf.

Kristinn Kristjánsson
endurskoðandi



REKSTRAREIKNINGUR

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrartekjur			
Tekjur	3	45.946.485	40.976.073
		<u>45.946.485</u>	<u>40.976.073</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	36.348.545	34.622.140
Kostnaður vegna ættleiðinga	9	763.945	1.933.045
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	2.495.638	2.401.591
Annar rekstrarkostnaður	9	6.231.731	4.765.136
Afskriftir	4	105.405	131.756
		<u>45.945.264</u>	<u>43.853.668</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		1.221	(2.877.595)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		163.943	11.762
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður		262.264	(186.136)
		<u>426.207</u>	<u>(174.374)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>427.428</u>	<u>(3.051.969)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	2022	2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld	4	421.621	527.026
		<u>421.621</u>	<u>527.026</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	946.415	727.943
Handbært fé		2.332.800	9.193.337
		<u>3.279.215</u>	<u>9.921.280</u>
Eignir samtals		<u>3.700.836</u>	<u>10.448.306</u>
Eigið fé og skuldir			
Skýringar			
2022			
2021			
Eigið fé			
6			
Viðbragðssjóður		1.360.000	1.360.000
Ójafnað tap		(245.166)	(672.594)
		<u>1.114.834</u>	<u>687.406</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir	7	2.586.002	9.760.900
		<u>2.586.002</u>	<u>9.760.900</u>
Skuldir samtals		2.586.002	9.760.900
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.700.836</u>	<u>10.448.306</u>

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		427.428	(3.051.969)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	105.405	131.756
		<u>532.833</u>	<u>(2.920.213)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(218.472)	16.356
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(7.174.898)</u>	<u>283.213</u>
		<u>(7.393.370)</u>	<u>299.569</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>(6.860.537)</u>	<u>(2.620.644)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>(6.860.537)</u>	<u>(2.620.644)</u>
Handbært fé í byrjun árs		9.193.337	11.813.981
Handbært fé í lok árs		<u><u>2.332.800</u></u>	<u><u>9.193.337</u></u>



Skýringar

3. Tekjur

Tekjur ársins sundurliðast þannig:	2022	2021
Félagsgjöld	1.533.600	1.183.600
Framlag frá þjónustumiðstöð	0	1.200.000
Ættleiðingargjöld erlendis	1.857.996	2.845.848
Framlög úr ríkissjóði	34.000.000	34.000.000
Önnur framlög	6.379.771	0
	<u>43.771.367</u>	<u>39.229.448</u>
Aðrar tekjur:		
Námskeið	1.558.000	581.000
Félagsstarf	517.118	149.300
Styrkir	0	896.325
Aðrar tekjur	100.000	120.000
	<u>2.175.118</u>	<u>1.746.625</u>
Tekjur samtals	<u><u>45.946.485</u></u>	<u><u>40.976.073</u></u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhald, tæki og innréttingar	Samtals
Árslok 2021:		
Bókfært verð í ársbyrjun	658.782	658.782
Afskriftir	(131.756)	(131.756)
Bókfært verð í árslok	<u>527.026</u>	<u>527.026</u>
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:		
Kostnaðarverð	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals	(2.078.993)	(2.078.993)
Bókfært verð í árslok	<u>527.026</u>	<u>527.026</u>
Árslok 2022:		
Bókfært verð í ársbyrjun	527.026	527.026
Afskriftir	(105.405)	(105.405)
Bókfært verð í árslok	<u>421.621</u>	<u>421.621</u>
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:		
Kostnaðarverð	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals	(2.184.398)	(2.184.398)
Bókfært verð í árslok	<u>421.621</u>	<u>421.621</u>

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2022	2021
Félagsgjöld	1.185.415	837.243
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(239.000)	(109.300)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>946.415</u>	<u>727.943</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann reginn frá eignfærum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Viðbragðssjóður	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2021:			
Staða í ársbyrjun	1.360.000	2.379.375	3.739.375
Tap ársins	0	(3.051.969)	-3.051.969
Staða í árslok	1.360.000	(672.594)	687.406
Hreyfingar 2022:			
Staða í ársbyrjun	1.360.000	(672.594)	687.406
Hagnaður ársins	0	427.428	427.428
Staða í árslok	1.360.000	(245.166)	1.114.834

7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2022	2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.647.679	2.787.322
Biðreikningur vegna fyrirhugaðrar stofnunar styrktarsjóðs	0	6.379.771
Aðrar skammtímaskuldir	938.323	593.807
	<u>2.586.002</u>	<u>9.760.900</u>



Skýringar

8. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun og launatengd gjöld		
Laun	27.899.580	26.673.300
Laun stjórnar	241.500	448.875
Bifreiðastyrkir	740.000	720.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.791.896	3.652.018
Tryggingagjald	2.074.731	1.921.126
Sjúkra- og orlofssjóðir	607.281	626.822
Annar starfsmannakostnaður	831.558	579.999
	<u>36.348.545</u>	<u>34.622.140</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	3,0	3,0
Kostnaður vegna ættleiðinga		
Skýrslur og þýðingar	966.040	791.000
Undirbúningsnámskeið	1.463.100	516.400
Erlendur kostnaður	671.768	2.139.884
Annar kostnaður	162.822	888.110
Endurgreiddur kostnaður	(2.499.785)	(2.402.349)
	<u>763.945</u>	<u>1.933.045</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	656.490	310.187
Sími	582.628	451.007
Pappír, prentun og ritföng	42.528	0
Bækur, blöð og áskrift	57.798	55.955
Annar skrifstofukostnaður	106.779	627.467
Reikningsskil	760.059	809.224
Önnur aðkeypt þjónusta	0	21.390
Fundir, ráðstefnur og móttökur	289.356	126.361
	<u>2.495.638</u>	<u>2.401.591</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Félagastarf	661.301	582.569
Námskeið	0	84.000
Húsaleiga	4.135.898	3.879.973
Viðhald húsnæðis	38.147	0
Öryggisþjónusta	304.923	250.879
Ræsting og hreinlætisvörur	286.000	310.200
Aðkeyptur akstur	12.000	10.500
Keypt áhöld og tæki	185.907	84.985
Ferðakostnaður	403.323	0
Vátryggingar	74.532	69.627
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	129.700	(507.597)
	<u>6.231.731</u>	<u>4.765.136</u>


ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík 28.mars 2023

Stjórn:

Framkvæmdastjóri

Lisavíðaglámsdóttir
Berglind Glöf Guðorsteinn
Ólafur HARALDSSON
Tinna Þórarinsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Gylfi Kristjánsson


Elisabet H. Salvarsdóttir



EurAdopt, félag ættleiðingarsamtaka í Evrópu, fylgdist grannt með þróun ættleiðingarmála bæði í Evrópu og víðar í heiminum árið 2022 eins og áður. Covid-19 hélt áfram að hafa áhrif, sérstaklega á rekstrargetu nokkurra félaga sem tilheyra samtökunum. Ráðstefna EurAdopt var haldin í Kaupmannahöfn dagana 1.-2.september en hún átti upphaflega að vera árið 2020. Starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar fór á ráðstefnuna en fjallað var um framtíð ættleiðinga milli landa frá ýmsum sjónarhornum. Elísabet Hrund Salvarsdóttir var fulltrúi félagsins í EurAdopt 2022 og tók hún þátt í umræðum fyrir hönd félagsins, bæði á rafrænum fundum og í gegnum aðrar rafrænar leiðir eins og Signal.



Íslensk ættleiðing er líka aðili að samtökum norrænna ættleiðingarfélaga, Nordic Adoption Council (NAC). NAC eru félagasamtök ættleiðingarfélaga og félaga kjörfjölskyldna á Norðurlöndunum. Tilgangur NAC er að skapa vettvang fyrir norrænt samstarf í ættleiðingarmálum og málefnum tengdum ættleiðingum. Fulltrúar félaganna sitja í stjórn samtakanna. Elísabet Hrund Salvarsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar er formaður NAC en hún tók við stöðu formanns á árinu 2020. Berglind Glóð Garðarsdóttir, stjórnarmaður ÍÆ var fulltrúi félagsins í NAC á árinu. Stjórn NAC hittist í Kaupmannahöfn í byrjun maí en þá hafði ekki verið haldin fundur nema rafrænir síðan fyrir COVID-19. Fjarfundir voru þó haldnir reglulega yfir árið og hafa samskipti innan samtakanna því í reynd fremur aukist á síðustu árum og stofnaðir hafa verið sérstakir vinnuhópar, t.d. vegna þjónustu eftir ættleiðingu og samfélagsmiðla. Á fundunum greina fulltrúar frá fréttum af ættleiðingartengdum málefnum frá eigin landi og og í þeim upprunaríkjum sem félögin eru í samstarfi við, þá voru líka rædd ýmis mál tengd ættleiðingum sem voru í deigluinni hverju sinni. Faraldurinn hafði líkt og árið 2021 þau áhrif að ættleiðingum fækkaði, m.a. vegna ferðatakmarkana auk þess sem hægðist á ferlinu í aðildarlöndum.

NAC stóð fyrir tveimur „webinar“ á árinu, þar sem fengnir voru sérfræðingar til að halda fyrirlestra í formi fjarfunda. Fyrri var haldin 27.apríl um „Post Adoption Service“. Síðari fyrirlesturinn var haldin 23. nóvember og flutti þar Lena Santamarta-Höglund, frá Svíþjóð fyrirlestur um málaþroska ættleiddra barna. Báðir fyrirlestrarnir gengu vel og var almenn ánægja meðal aðildarfélaga NAC með viðburðina.

15.september á þessu ári, 2023, verður haldin Norræn ættleiðingarráðstefna á Íslandi, þar sem þemað verður „Adoption – a lifelong process“.

ČESKÁ REPUBLICA

Félagið fékk fyrst löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tékklandi árið 2004 og gildir núverandi löggilding til 19.03.2025. Alls hafa verið ættleidd 51 börn með milligöngu félagsins frá Tékklandi. 9 umsóknir hafa nú verið samþykktar af UMPOD og bíða afgreiðslu. 3 umsóknir er í skoðun og bíða þess að vera samþykkt og 2 umsóknir eru í bið. Fulltrúar skrifstofu Íslenskrar ættleiðingar fóru í heimsókn til Tékklands í byrjun desember 2022, og gekk sú heimsókn vel. Markmið með heimsókninni var að kynna nýjan framkvæmdastjóra og fara yfir ættleiðingarmálaflokkinn og þær umsóknir sem eru komnar frá Íslandi til Tékklands.

Colombia

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2025. Alls hafa verið ættleidd 15 börn með milligöngu félagsins frá Kólumbíu. Þrjár umsóknir eru samþykktar á biðlista frá Íslenskrari ættleiðingu hjá ICBF. Kólumbía er eina samstarfsland Íslenskrar ættleiðingar sem tekur á móti umsóknum samkynja hjóna og er annað af tveimur löndum í heiminum sem gerir það.

中國

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022. Alls hafa 183 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Kína. Listi vegna barna með skilgreindar þarfir hefur legið í dvala um nokkurt skeið vegna Covid-19 og var hann ekki vaktaður á árinu þar sem hann hefur ekki verið uppfærður frá því í júlí 2020. Ekki verður óskaði eftir endurnýjun á löggildingu um milligöngu félagsins við Kína frá Dómsmálaráðuneytinu. Er það í samræmi við ákvarðanir annarra ættleiðingarfélaga á Norðurlöndum.

TOGO

Löggilding um milligöngu gildir til 01.07.2023. Alls hafa 7 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Tógó. Þrjár umsóknir eru í ferli í Tógó. Meðal biðtími eftir pörun hefur verið rúm tvö ár.

STJÓRN OG STARFSFÓLK 2022

Stjórn

Lísa Björg Lárusdóttir

Stjórnarformaður

Berglind Glóð Garðarsdóttir

Varaformaður

Meðstjórnendur

Brynja Dan Gunnarsdóttir

Gylfi Már Ágústsson

Svandís Sigurðardóttir

Tinna Þórarinsdóttir

Örn Haraldsson

Starfsfólk

Elísabet Hrund Salvarsdóttir

Framkvæmdastjóri

Ragnheiður Davíðsdóttir

Verkefnastjóri

Rut Sigurðardóttir

Félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur

Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.